

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 93/2/EBE

frá 28. janúar 1993

## um breytingu á II. viðauka við tilskipun ráðsins 66/402/EBE um markaðssetningu sáðkorns

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,  
með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní  
1966 um markaðssetningu sáðkorns <sup>(1)</sup>, eins og henni var  
síðast breytt með tilskipun 90/654/EBE <sup>(2)</sup>, einkum 21. gr.  
a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Samkvæmt nýjustu þekkingu á sviði tækni og vísinda virð-  
ast tiltekin afbrigði af höfrum (*Avena sativa*) af gerðinni  
„naktir hafrar“ vel fallin til fóðurs.

Það er þó erfiðleikum háð að rækta sáðkorn þessara afbrigða  
með spírunarhæfni samsvarandi þeirri sem að öllu jöfnu  
næst í sáðkornum annarra hafraafbrigða.

Framkvæmdastjórnin lýsti því yfir í tilskipun  
88/506/EBE <sup>(3)</sup> að í ljósi aukinnar þekkingar á sviði  
tækni og vísinda væri rétt að lækka lágmarksspírunarhæfni  
hreinna sáðkorna, sem mælt er fyrir um varðandi hafra í II.  
viðauka 66/402/EBE, úr 85% í 75% fyrir hafraafbrigði af  
gerðinni „naktir hafrar.“

Þessi lækkun gildi einungis til 31. desember 1992 svo hægt  
væri að safna tæknilegum upplýsingum um þessi afbrigði  
og meta þær.

Nú hafa þessar tæknilegu upplýsingar leitt í ljós að rétt er  
að lækkunin gildi áfram um óákveðinn tíma.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í tilskipun þessari eru  
í samræmi við álit fastanefndar um fræ og fjölgunarefni í  
landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í II. viðauka við tilskipun 66/402/EBE er d-lið B-hluta 2.  
mgr. breytt sem hér segir:

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

<sup>(2)</sup> Stjttíð. EB nr. L 353, 17. 12. 1990, bls. 48.

<sup>(3)</sup> Stjttíð. EB nr. L 274, 6. 10. 1988, bls. 44.

„d) ef um er að ræða afbrigði af *Avena sativa* sem  
eru opinberlega flokkuð sem „naktir hafrar“ er  
lágmarksspírunarhæfni hreinna sáðkorna lækkuð  
niður í 75%. Í slíku tilvikum skal tilgreina „lágmarks-  
spírunarhæfni 75%“ á opinbera merkimiðanum.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykka nauðsynleg lög og  
stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari í síðasta  
lagi 31. maí 1993. Þau skulu tilkynna það framkvæmda-  
stjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykka þessi ákvæði skal vera í þeim  
tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar  
þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari  
reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni  
helstu ákvæði úr landslögum sem samþykkt verða um mál-  
efni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 28. janúar 1993.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

René STEICHEN

framkvæmdastjóri.